

Úrskurður

Áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 13/1994

Ásgeir Ásgeirsson

gegn

Samkeppnisráði

I.

Með bréfi dags. 19. desember 1994, hefur Logi Egilsson, hdl., fyrir hönd Ásgeirs Ásgeirssonar áfrýjað ákvörðun samkeppnisráðs frá 5. desember 1994, nr. 37/1994. Ákvörðunin felur m.a. í sér að áfrýjanda er bannað að nota umbúðir utan um bleiuklúta sem merktar eru fyrirtækinu Takk.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/1994 verði hnekkt og að réttaráhrifum banns Samkeppnisráðs verði frestað þar til fullnaðarniðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála liggur fyrir.

Sá hluti máls þessa er snertir réttaráhrif banns Samkeppnisráðs var tekin fyrir hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 22. desember 1994 og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að með bréfi, dags. 29. júní 1994, kvartaði lögmaður Besta hf. yfir framleiðslu, pökkun og sölu áfrýjanda á bleiuklútum undir firmanafninu Takk. Að mati lögmanns Besta hf. hafði áfrýjandi notað sér vitneskju úr fyrra starfi sínu hjá Burstagerðinni hf., sem er í eigu sömu aðila og Besta hf, til þess að seilast inn á viðskiptasvið fyrirtækisins og notað umbúðir undir sína framleiðslu sem væru eftirlíking af umbúðum Besta hf., þannig að neytendur gætu ekki gert upp á milli varanna. Ennfremur beindist kvörtunin að því að áfrýjandi notaði heitið "bleiuklútar" án heimildar, en Besta hf. hefði skapað sér viðskiptavild á markaðnum með því heiti og að umbúðir áfrýjanda væru að verulegu leyti með sömu auðkennum og texta og umbúðir Besta hf.

Á fundi samkeppnisráðs þann 5. desember 1994 var kvörtun Besta hf. tekin fyrir og afgreidd með ákvörðun nr. 37/1994. Í ákvörðuninni segir m.a.;

"Bleiuklútar fyrirtækisins Takk sem Ásgeir Ásgeirsson er forsvarsmáður fyrir, eru nauðalíkar umbúðum þeim sem merktar eru fyrirtækinu Besta og verður skv. framansögðu að telja framleiðslu og notkun þeirra ekki í samræmi við 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993."

Ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 37/1994 voru eftirfarandi;

"Með vísan til 25. gr. sbr. 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. samkeppnislaga bannar Samkeppnisráð Ásgeiri Ásgeirssyni kt. 211163-2089 Rauðási 21 Reykjavík að nota umbúðir þær sem notaðar eru utan um bleiuklúta og merktar eru fyrirtækinu Takk. Bannið tekur gildi tveimur vikum eftir birtingu."

Ákvörðun nr. 37/1994 var birt áfrýjanda þann 6. desember 1994.

III.

Kröfu sína um að réttaráhrif bannsins skuli frestað, þar til fullnaðarniðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, styður áfrýjandi þeim rökum að hagsmunir sínir séu mjög miklir þ.e að hann verði fyrir gífurlegi tjóni þurfi hann að liggja með lager sinn uppi ósöluhæfan meðan beðið er eftir niðurstöðu nefndarinnar.

IV.

Í máli þessu verður einungis tekið á því atriði hvort réttaráhrifum banns Samkeppnisráðs, sem felst í ákvörðun nr. 37/1994, verði frestað þar til fullnaðarniðurstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Í samkeppnislögum nr. 8/1993, sbr. lög nr. 24/1994, er ekki að finna ákvæði er kveður sérstaklega á um réttaráhrif kærðrar ákvörðunar og verður því að líta til almennra reglna stjórnisýsluréttar. Almennt frestar stjórnisýslukæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar, sbr. 1. mgr. 29. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. sömu laga er æðra stjórnvaldi þó heimilt að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar.


Ekki verður séð að fullnægjandi ástæður hafi verið færðar fram í máli þessu sem leiða eigi til þess að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað. Rétt þykir að taka fram að samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 24/1994, skal úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti. Kröfu áfrýjanda um að réttaráhrifum banns Samkeppnisráðs, samkvæmt ákvörðun nr. 37/1994, verði frestað þar til niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála liggur fyrir, er hafnað.


V.

Úrskurðarorð.

Kröfu áfrýjanda um að réttaráhrifum banns Samkeppnisráðs, samkvæmt ákvörðun nr. 37/1994, verði frestað þar til niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála liggur fyrir, er hafnað.

Reykjavík 22. desember 1994.


Páll Sigurðsson


Jónatan Sveinsson

Kirst íu Flygenring

